

Álit

Alþingi
Erindi nr. P 138/162
komudagur 16.11.2009

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti).

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Vísar minni hluti til álits meiri hlutans er varðar gestalista og umsóknir til nefndarinnar.

Almennt má segja varðandi niðurskurð og hagræðingu að x minni hluti telur það miður að ekki sé lagt fram samhliða fjárlagafrumvarpi 2010 áætlun til lengri tíma til að mynda næstu þriggja ára. Þannig mætti setja sér raunverulegri markmið um sparnað í ríkisrekstri, sparnað sem væri raunverulegur og varanlegur. Sömu gagnrýni vill minni hluti setja fram varðandi greinargerð með einstökum fjárlagaliðum en þar skortir á að sýnt sé fram á hinn raunverulega sparnað, þ. e. hvernig á að ná fram einstökum lækkunum hjá mismunandi stofnunum.

Þá bendir minni hluti á að einstakir fjárlagaliðir virðast ekkert hafa með ríkisrekstur að gera og má þar nefna Fóðursjóð sem hækkar úr 115 millj.kr. 2009 í 1.400 millj. kr. 2010, verðmiðlun landbúnaðarvara og Búnaðarsjóð. Það er mat minni hluta að eðlilegra væri að sjóðir sem eru að öllu leyti gegnumstreymissjóðir, þar sem tekjur standa undir útgjöldum, séu betur geymdir hjá viðkomandi atvinnugrein en ekki ríkisvaldinu. Fjárlögin gætu verið gegnsærri með þeim hætti og endurspeglad betur raunverulegan rekstur ríkisins.

Varðandi einstök verkefni tekur minni hluti undir álit meirihlutans um verkefnið Bændur græða landið. Það er mat x minni hluta að það sé verðugt verkefni ríkisvaldsins að koma meira að einstökum landgræðsluverkefnum þar sem fjölmargir aðilar hafa lagt umtalsverða sjálfboðavinnu og fjármuni til slíkra verkefna.

Varðandi liðinn 04-190-1.90 skipting safnliða – ýmis verkefni gerir minni hluti, þrátt fyrir að skortur sé á markvissri stefnu í útdeilingu fjármuna til einstakra verkefna, ekki athugasemdir við niðurstöðuna sem fram kemur í fylgiskjali meirihluta álits sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Alþingi 16. nóvember 2009

Sigurður Ingi Jóhannsson